

## 15. gr.

*Lærdómstitlar.*

Að loknu meistaranámi í lyfjafræði hlýtur stúdent lærdómstitilinn *Master of Science in Pharmaceutical Sciences* (M.S. Pharm. Sci.).

## 16. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lyfjafræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla lyfjafræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

*Háskóla Íslands, 29. janúar 2003.*

**Páll Skúlason.**

*Pórður Kristinsson.*

**AUGLÝSING**

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2003  
um skipan og starfsemi flugverndarráðs.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að frá og með 20. janúar 2003 taki gildi reglur um skipan og starfsemi flugverndarráðs samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2003.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 17. janúar 2003.*

**Porgeir Pálsson** flugmálastjóri.

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga  
vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, nr. 80/2001, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Til framlaga samkvæmt reglugerð þessari skulu renna allt að 30% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Hlutdeild í tekjum Jöfnunarsjóðs, sbr. 1. mgr., skal miðast við tekjur sjóðsins samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs að teknu tilliti til hugsanlegra leiðréttinga á tekjum hans samkvæmt fjáráukalögum næst liðins árs.

2. gr.

Síðari málsl. 2. mgr. 3. gr. fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 12. febrúar 2003.*

**Páll Pétursson.**

---

*Garðar Jónsson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

*Digranesvegur 79. Bakki í Kópavogsdal. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 10. desember 2002 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Bakka, Digranesvegi 79. Í tillögunni felst að heimilt verði að byggja skátaheimili allt að 390 m<sup>2</sup> að grunnfleti á einni hæð með aðkomu frá Digranesvegi. Tillagan er breyting á deiliskipulagi sem samþykkt var í bæjarstjórn 25. nóvember 1997 og af skipulagsstjóra ríkisins 22. desember 1997.

Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum frá 20. september til 18. október 2002 með athugasemdafresti til 1. nóvember 2002.

Með tilvísan í athugasemdir og ábendingar er bárust á kynningartíma var tillagan samþykkt með þeirri breytingu að akstursleið frá Digranesvegi að fyrirhuguðu skátaheimili (sk. norðurleið) var aflögð. Þess í stað verði gerð ný akstursleið að skátaheimilinu frá fyrirhuguðu bílastæði við Digranesveg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 11. febrúar 2003.*

Skipulagsstjóri Kópavogs,

**Birgir H. Sigurðsson.**